

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Reykjahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Reykjahrepps nr. 203/1996.

*Félagsmálaráðuneytinu, 12. maí 1999.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Sesselja Árnadóttir.*

25. maí 1999

Nr. 343

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag miðbæjar og hafnarsvæðis á Ísafirði í Ísafjarðarbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 6. maí 1999 breytt skipulag:

- a. Miðbæjar á Ísafirði dags. 8. desember 1995. Breytingin nær til reits sem afmarkast af gatnamótum Skutulsfjarðarbrautar og Hafnarstrætis, Pollgötu, Hafnarstræti og Austurvegi. Breytingin felst í breyttum lóðarmörkum, færslu Pollgötu nær Hafnarstræti og breyttum tengingum Skutulsfjarðarbrautar inn á Hafnarstræti. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 8. desember 1995.
- b. Hafnarsvæðis á Ísafirði dags. 17. júlí 1995. Breytingin nær til reits sem afmarkast af lóðinni nr. 13 við Sindragötu og felst hún í að lóðinni er skipt upp í tvær lóðir, Sindragötu 13a og 13b, fyrir hafnsækna starfsemi. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 17. júlí 1995.

*Ísafjarðarbæ, 25. maí 1999.*

Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar,

**Halldór Halldórsson.**

21. maí 1999

Nr. 344

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag fyrir fjölnota íþróttahús í Reykjanesbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 18. maí 1999 samþykkt deiliskipulag af reit fyrir fjölnota íþróttahús í Reykjanesbæ.

Deiliskipulagið tekur til svæðis sem afmarkast af Flugvallarvegi, Kjarrmóa, Nikkel-svæði og göngustíg milli Kjarrmóa og Flugvallarvegjar og gerir ráð fyrir þjónustustofnunum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Reykjanesbæ, 21. maí 1999.*

F.h. bæjarstjórnar,

**Ellert Eiríksson** bæjarstjóri.